

Borgarráð

Tillaga að viðauka vegna landakaupa

Lagt er til að borgarráð samþykki þær breytingar á fjárfestingar- og fjárhagsáætlun ársins að eignasjóður fái 440 mkr. fjárheimild til að standa við greiðsluskuldbindingu um landakaup í Skerjafirði samkvæmt samningi milli Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins dags. 1. mars 2013 sem staðfestur var af borgarráði 14. mars sama ár. Landakaupin verða fjármögnuð með breytingum á öðrum liðum fjárfestingaráætlunar. Þar sem tillagan felur ekki í sér aukningu á fjárfestingum eignasjóðs hefur tillagan ekki áhrif á niðurstöðu rekstrar, efnahags eða sjóðsstreymis A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Fyrirliggjandi tillaga um breytingu á fjárfestingaráætlun er í samræmi við fyrri samþykkt borgarráðs um kaup á landi ríkisins í Skerjafirði.

Eins og tillagan ber með sér áformar eignasjóður að draga úr öðrum fjárfestingum á mótum þeim 440 mkr. sem verður ráðstafað til landakaupa í Skerjafirði. Verður innan skamms lögð fram tillaga í borgarráði um breytingar á einstökum liðum fjárfestingaráætlunar sem koma til lækkunar. Tillagan er því full fjármögnuð innan núverandi fjárhagsáætlunar.

Þar sem tillagan varðar engu að síður breytingu á fjárhagsáætlun ber að vísa henni til samþykktar í borgarstjórn, sbr. 63. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sigurður Björn Blöndal
e.u.

